

REGLUGJÖRÐ

um

breyting á reglugjörð 2. jan. 1926, fyrir áhættu-flokkun og ákvörðun
iðgjalda fyrir slysatryggingar.

Áhættuflokkun.

Upphaf greinarinnar orðist svo:

Frá 1. janúar 1929 ákveðast iðgjöld fyrir slysatryggingar sam-
kvæmt lögum nr. 73, 3. maí 1928, um slysatryggingar, þannig:

| | | | | | |
|------------------|-------|-----|-------|----|-------|
| 1. áhættuflokkur | | 7 | aurar | um | vikur |
| 2. | — | 12 | — | — | — |
| 3. | — | 25 | — | — | — |
| 4. | — | 50 | — | — | — |
| 5. | — | 100 | — | — | — |
| 6. | — | 120 | — | — | — |
| 7. | — | 130 | — | — | — |
| 8. | — | 180 | — | — | — |

Iðgjaldaskrá.

Liður 1. Sjómannaatryggingin orðist þannig:

| | Áhættuflokkur. | Vikugjald fyrir manninn: |
|----------------------------|----------------|-----------------------------|
| Gufuskip | 6. | 120 aurar |
| Seglskip | 7. | 130 — |
| Mótorskip yfir 12 lestir | 8. | 180 — |
| Mótorbátar undir 12 lestir | 8. | 180 — |
| Róðrabátar 12 lestir | 6. | 120 — |

Af iðgjaldi tryggingarskyldra róðrabáta og vjelbáta minni en 5
lestir greiðir ríkissjóður $\frac{3}{10}$ hluta iðgjaldsins, en af iðgjaldi róðrabáta
ekki tryggingarskyldra, greiðir ríkissjóður helming, sbr. 7. og 16. gr.
laganna.

Liður 2. Iðnatryggingin breytist svo sem hjer segir:

a. Á eftir „uppskipun og útskipun við bryggju og vöruflutn-
ingur á landi“ komi: Bifreiðaaakstur 4. fl. 50 aura.

Iðgjaldsskráin breytist þannig alstaðar, að

| | | | | | |
|----------|----|------|------|-----|--------|
| b. fyrir | 6 | aura | komi | 7 | aurar. |
| — | 10 | — | — | 12 | — |
| — | 20 | — | — | 25 | — |
| — | 40 | — | — | 50 | — |
| — | 80 | — | — | 100 | — |

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. des. 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.